

## Sjálfvirkt mat á erlendum prófgráðum.

**ENIC/NARIC upplýsingaskrifstofa Íslands býður upp á sjálfvirkt mat á erlendum prófgráðum.**

**Sjálfvirka matið er valkvæð þjónusta sem kemur ekki í stað formlegs mats.**

Matið byggist ekki á skoðun á prófgögnum einstaklinga eða viðurkenningu skóla.

Matið veitir hins vegar upplýsingar um hvernig viðkomandi próf er metið á Íslandi hafi því verið lokið við viðurkenndan háskóla.

### Fyrirvari

Það skal ítrekað að ofangreint mat er ekki byggt á prófgögnum handhafa þessa mats, né byggt á athugun á viðurkenningu þess skóla sem hann stundaði nám sitt við.

Óski handhafi eða viðtakandi matsins eftir formlegu mati ENIC/NARIC skrifstofunnar getur hann sótt um slíkt mat á vefsíðu skrifstofunnar ([enicnaric.is](http://enicnaric.is)) og sent prófgögn til skoðunar.

### Frekari upplýsingar

# Hæfniramma um íslenska menntun

| Icelandic qualification framework (ISQF) | Lýsing á hæfniviðmiðum  | European Qualification Framework (EQF) |
|--|---|--|
| 7  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur yfirgripsmikla yfirsýn yfir kenningar, rannsóknir og nýjustu þekkingu innan síns sviðs.</li> <li>Getur framkvæmt og leitt rannsóknir af öryggi með þróun nýrrar þekkingar að leiðarljósi.</li> <li>Getur sýnt sjálfstæði og frumkvæði og borið ábyrgð á flókinni fræðilegri vinnu og miðlað henni til annarra.</li> </ul>  | 8                                      |
| 6.2                                      | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur aflað sér þekkingar með rannsóknum og skilur fræðileg viðfangsefni og álitamál og getur sett nýjustu þekkingu í samhengi.</li> <li>Getur skilið flókin viðfangsefni og beytt viðeigandi aðferðum við framkvæmd smærri rannsóknaverkefna.</li> <li>Getur átt frumkvæði að nýjum verkefnum, stýrt þeim og borið ábyrgð á sinni vinnu og samstarfsmanna.</li> </ul>       | 7                                      |
| 6.1                                      | <ul style="list-style-type: none"> <li>Þekkir og skilur fræðileg viðfangsefni og álitamál og getur sett nýjustu þekkingu í samhengi.</li> <li>Getur beitt aðferðum fræði-/starfsgreinar til að setja fram, þróa og leysa verkefni.</li> <li>Getur átt frumkvæði að nýjum verkefnum, stýrt þeim og borið ábyrgð á sinni vinnu og samstarfsmanna.</li> </ul>  |  |
| 5.2                                      | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur skilning og innsæi á helstu fræðilegum hugtökum og kenningum og hefur vitneskju um nýjustu þekkingu á völdu sviði.</li> <li>Getur beitt gagnrýnum aðferðum fræði-/starfsgreinar við úrlausn verkefna og lagt á þær sjálfstætt mat.</li> <li>Getur unnið sjálfstætt og skipulega, gert og fylgt áætlunum og leitt verkhöpa.</li> </ul>                                  | 6                                      |
| 5.1                                      | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur þekkingu á völdum kenningum og fræðilegum hugtökum og þekkir stöðu viðkomandi sviðs í víðara samhengi.</li> <li>Getur undirbúið og framkvæmt verkefni og nýtt þá tækni sem notuð er í viðkomandi fræði-/starfsgrein.</li> <li>Getur sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og unnið með öðrum að úrlausn verkefna.</li> </ul>                                     |  |
| 4  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist við leiðsögn og stjórnun í starfi og/eða til undirbúnings náms.</li> <li>Getur skipulagt vinnuferli, beitt viðeigandi tækni og þróað starfsaðferðir á ábyrgan hátt.</li> <li>Getur leiðbeint og veitt faglega þjálfun, metið eigið vinnuframlag og annarra og borið ábyrgð á hagnýtingu starfsgreinar í þverfaglegu samstarfi.</li> </ul> | 5                                      |
| 3  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings frekara náms.</li> <li>Getur skipulagt og metið eigin störf, sýnt fagmennsku og frumkvæði.</li> <li>Getur nýtt sérhæfða þekkingu til umbóta, veitt fagleg ráð og tekið þátt í þverfaglegu samstarf</li> </ul>  | 4                                      |
| 2  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur þekkingu á verkferlum og hugtökum sem nýtast í námi og/eða starfi.</li> <li>Getur beitt viðeigandi faglegum aðferðum, verkfærum og upplýsingum við lausn viðfangsefna.</li> <li>Getur starfað með öðrum, tekið frumkvæði í samskiptum og borið ábyrgð á skilgreindum verkþáttum.</li> </ul>  | 3                                      |
| 1  | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur grunnþekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings frekara náms.</li> <li>Getur leyst viðfangsefni með því að vinna úr einföldum upplýsingum í námi og/eða starfi.</li> <li>Getur unnið undir leiðsögn annarra en með nokkru sjálfstæði í afmörkuðum verkefnum.</li> </ul>  | 1-2                                    |



**Fyrirvari:** Ofangreint mat er ekki byggt á staðfestum afritum af prófgögnum handhafa þessa mats, heldur á skönnuðum eða ljósrituðum afritum. Sanngildi prófgagna hefur ekki verið staðfest.

**Disclaimer:** The above evaluation is not based on certified copies of the educational document, but on scanned or photocopied version. Authenticity of the document/s has not been verified.

Fleiri upplýsingar:  
[www.enicnaric.is](http://www.enicnaric.is) | 525-5452 | 525-5256 | [enicnaric@hi.is](mailto:enicnaric@hi.is)

Link to the English version of the ISQF:  
<http://english.enicnaric.is/isqf.html>